



### BLINT STEFNUMÓT

#### Markmið:

Að nemendur þjálfist í að spyrja og svara spurningum sem tengjast áhugamálum og störfum. Hentar nemendum frá stigi tvö, t.d. sem viðbótarefni með kafla 5 „Áhugamál“ í *Íslenska fyrir alla 2*.

#### Aðferð:

Þessum leik fylgja lýsingar á 16 persónum sem allar hafa áhuga á því að hitta einhvern á blindu stefnumóti. Nemendur fá í hendur eina lýsingu á persónu sem þeir eiga að leika. Markmiðið er að hver persóna finni þann/þá sem passar best við sig. Nemendur verða að ganga á milli allra, spyrja spurninga og segja frá sjálfum sér. Þeir geta notað hjálparblaðið sem fylgir leiknum.

Persónunum er raðað í „rétt“ röð, þ.e.a.s. hverjar tvær persónur í röð passa saman. Mundu eftir því ef þú sleppir einhverjum persónum. Ef að fjöldi nemenda í bekknum er oddatala getur kennarinn verið með í leiknum eða tveir nemendur fá sömu lýsinguna í hendur. Eftir að leiknum er lokið er hægt að ræða í bekknum hvort persónurnar hafi passað vel saman og af hverju. Einnig er hægt að prenta út lýsingarnar og leyfa nemendum að lesa þær og e.t.v. búa til sínar eigin lýsingar á öðrum persónum.

Kennari getur líka gert aðrar lýsingar og t.d. bætt inn í lýsingum á útliti eða persónuleika eftir því hvað hentar nemendahópnum hverju sinni.

Bættu við fleiri spurningum og setningum en eru á hjálparblaðinu, t.d. á töfluna til að hjálpa nemendunum í leiknum.



## Hjálparblað

- Sæll/Sæl
- Hvað heitir þú?  
*Ég heiti ...*
- Hvað ertu gamall/gömul?  
*Ég er ... ára.*
- Hver eru áhugamál þín?  
*Ég hef áhuga á ...*
- Hvað finnst þér fleira gaman að gera?  
*Mér finnst gaman að ...*  
*Ég fer stundum ...*
- Hvað gerir þú? (Hvar vinnur þú?)  
*Ég vinn .../Ég er ...*

*Dæmi um fleiri spurningar:*

- Reykir þú?/Horfir þú mikið á sjónvarp?
- Finnst þér gaman að fara í gönguferðir?
- Hvað finnst þér gaman að gera á kvöldin/um helgar/í fríum?
- Hefurðu áhuga á mótörhjólum/tölvum/klassískri tónlist?



## Hjálparblað

- Sæll/Sæl
- Hvað heitir þú?  
*Ég heiti ...*
- Hvað ertu gamall/gömul?  
*Ég er ... ára.*
- Hver eru áhugamál þín?  
*Ég hef áhuga á ...*
- Hvað finnst þér fleira gaman að gera?  
*Mér finnst gaman að ...*  
*Ég fer stundum ...*
- Hvað gerir þú? (Hvar vinnur þú?)  
*Ég vinn .../Ég er ...*

*Dæmi um fleiri spurningar:*

- Reykir þú?/Horfir þú mikið á sjónvarp?
- Finnst þér gaman að fara í gönguferðir?
- Hvað finnst þér gaman að gera á kvöldin/um helgar/í fríum?
- Hefurðu áhuga á mótörhjólum/tölvum/klassískri tónlist?



## Hjálparblað

- Sæll/Sæl
- Hvað heitir þú?  
*Ég heiti ...*
- Hvað ertu gamall/gömul?  
*Ég er ... ára.*
- Hver eru áhugamál þín?  
*Ég hef áhuga á ...*
- Hvað finnst þér fleira gaman að gera?  
*Mér finnst gaman að ...*  
*Ég fer stundum ...*
- Hvað gerir þú? (Hvar vinnur þú?)  
*Ég vinn .../Ég er ...*

*Dæmi um fleiri spurningar:*

- Reykir þú?/Horfir þú mikið á sjónvarp?
- Finnst þér gaman að fara í gönguferðir?
- Hvað finnst þér gaman að gera á kvöldin/um helgar/í fríum?
- Hefurðu áhuga á mótörhjólum/tölvum/klassískri tónlist?

Ég er 42 ára karlmaður. Ég hef mikinn áhuga á útivist, matreiðslu og tónlist. Ég spila á gítar og langar að spila í hljómsveit. Ég reyki ekki og drekk ekki. Mér finnst gott að vera heima á kvöldin og elda góðan mat og horfa á góðar bíómyndir. Ég er smiður.

Íslenska fyrir alla. Sólborg Jónsdóttir og Þorbjörg Halldórsdóttir.

Ég er 43 ára kona. Ég er læknir. Ég hef mikinn áhuga á útivist og tónlist og fer alltaf í fjallgöngur á sumrin. Ég spila bæði á píanó og fiðlu, en bara fyrir sjálfa mig. Ég hef ekki áhuga á að fara mikið út á kvöldin og ég kann ekki að elda. Mig langar að kynnast manni sem kann að elda spennandi rétti og hefur gaman af útivist. Ég lifi heilsusamlegu lífi og reyki ekki.

Íslenska fyrir alla. Sólborg Jónsdóttir og Þorbjörg Halldórsdóttir.

Ég er 23 ára karlmaður. Mér finnst mjög gaman að hitta vini mína, fara út um helgar, dansa og drekka bjór. Ég er líka duglegur í ræktinni og hef áhuga á íþróttum, sérstaklega fótbolta. Ég hef líka mikinn áhuga á tölvum og langar að stofna fyrirtæki á netinu. Ég er í háskóla að læra viðskiptafræði.

Íslenska fyrir alla. Sólborg Jónsdóttir og Þorbjörg Halldórsdóttir.

Ég er 23 ára kona. Ég hef áhuga á dansi og danstónlist. Mér finnst gaman að fara út um helgar og dansa alla nóttina. Ég hef líka áhuga á mótorhjólum, fjallgöngum og íþróttum. Ég er í háskóla að læra tölvunarfræði og veit allt um tölvur.

Íslenska fyrir alla. Sólborg Jónsdóttir og Þorbjörg Halldórsdóttir.

Ég er 33 ára karlmaður. Ég hef mikinn áhuga á myndlist og mála og teikna mikið. Ég er heyrnarlaus og tala táknmál. Ég horfi ekki mikið á sjónvarpið en ég bæði les bækur og spjalla við vini mína á netinu. Uppáhaldsbókin mín er Hús andanna. Á sumrin spila ég oft golf en á veturna reyni ég að fara á skíði.

Íslenska fyrir alla. Sólborg Jónsdóttir og Þorbjörg Halldórsdóttir.

Ég er 36 ára kona. Ég er bókmenntafræðingur og hef mikinn áhuga á bókum. Ein af uppáhaldsbókum mínum er Hús andanna. Ég hef lært að teikna og mála stundum myndir þegar ég hef tíma. Mér finnst skemmtilegt að fara á myndlistasýningar. Á sumrin fer í gönguferðir og langar að læra að spila golf.

Íslenska fyrir alla. Sólborg Jónsdóttir og Þorbjörg Halldórsdóttir.

Ég er 40 ára karlmaður. Ég er sjómaður. Ég hef áhuga á bílum, veiði og jeppaferðum. Þegar ég á frí reyni ég alltaf að fara í laxveiði eða í jeppaferðir upp á fjöll. Ég er líka að læra að syngja og finnst skemmtilegt að fara í óperuna og hlusta á fallegan söng. Ég vil helst hafa nóg að gera og nenni ekki að hanga heima á kvöldin.

Íslenska fyrir alla. Sólborg Jónsdóttir og Þorbjörg Halldórsdóttir.

Ég er 35 ára kona. Ég er söngkona og elska klassíska tónlist! Ég hef áhuga á matreiðslu og uppáhaldsmaturinn minn er grillaður lax og allskonar sjávarréttir. Ég horfi mjög sjaldan á sjónvarpið og vil helst fara út á kvöldin, í gönguferðir eða á kaffihús. Þegar ég á frí vil ég fara í ferðalög og sjá nýja hluti, bæði á Íslandi og til útlanda. Mér finnst gaman að versla – sérstaklega á ferðalögum.

Íslenska fyrir alla. Sólborg Jónsdóttir og Þorbjörg Halldórsdóttir.

Ég er 55 ára karlmaður. Ég hef mikinn áhuga á ferðalögum og útivist. Ég tala mörg tungumál og er ensku- og spænskukennari í framhaldsskóla. Ég kann ekkert að elda en finnst gaman að borða spennandi rétti og drekka gott vín. Ég veit allt um vín og vindla. Ég reyki stundum vindla frá Kúbu. Ég á vini í Suður-Ameríku og heimsæki þá stundum.

Íslenska fyrir alla. Sólborg Jónsdóttir og Þorbjörg Halldórsdóttir.

Ég er 47 ára kona. Ég er kokkur og veit allt um mat og vín. Mér finnst skemmtilegt að prófa að elda nýja, spennandi rétti fyrir vini mína og drekka gott rauðvín. Ég reyki þegar ég drekk rauðvín. Ég hef áhuga á ferðalögum og garðrækt. Ég horfi aldrei á sjónvarpið og les frekar bækur eða skoða síður á netinu um ferðalög út um allan heim. Mig dreymir um ævintýraferð til Suður-Ameríku.

Íslenska fyrir alla. Sólborg Jónsdóttir og Þorbjörg Halldórsdóttir.

Ég er 30 ára karlmaður. Ég hef áhuga á stangveiði, útivist og hestum. Ég á tvo hesta og fer á hestbak oft í viku. Mér finnst sérstaklega gaman að ganga á fjöll og geng á fjall einu sinni í mánuði með gönguklúbbnum mínum. Ég hjóla alltaf í vinnuna þegar ég get en ég á líka jeppa sem ég nota í fjallaferðum. Ég er eldfjallafræðingur.

Íslenska fyrir alla. Sólborg Jónsdóttir og Þorbjörg Halldórsdóttir.

Ég er 32 ára kona. Ég hef mikinn áhuga á tónlist, ferðalögum og útivist. Ég geng stundum á fjöll og fer oft í útilegur á sumrin. Mig langar að eignast hest og fara í hestaferð um Ísland. Ég vinn á pósthúsi og er bréfberi. Ég syng í kvennakór og við höldum stundum tónleika.

Íslenska fyrir alla. Sólborg Jónsdóttir og Þorbjörg Halldórsdóttir.

Ég er 27 ára karlmaður. Ég hef mikinn áhuga á bílum, mótorhjólum og íþróttum. Ég á mótorhjól sem ég nota til að ferðast um, bæði á Íslandi og í útlöndum. Ég spila líka fótbolta og fer í sund á hverjum degi. Ég á lítinn garð með systur minni og rækta grænmeti á sumrin. Ég er hættur að drekka og langar að hætta að reykja líka. Ég vinn í tollinum en mig langar að verða lögreglumaður.

Íslenska fyrir alla. Sólborg Jónsdóttir og Þorbjörg Halldórsdóttir.

Ég er 24 ára kona. Ég hef áhuga á garðrækt og finnst gaman að rækta bæði grænmeti og blóm. Ég hef líka áhuga á íþróttum og gömlum bílum. Ég spila badminton með vinkonum mínum og fer á skíði á veturna og í sund á sumrin. Ég fer ekki mikið út um helgar og drekk mjög sjaldan vín. Mér finnst skemmtilegt að horfa á lögreglumyndir í sjónvarpinu og hitta vini mína.

Íslenska fyrir alla. Sólborg Jónsdóttir og Þorbjörg Halldórsdóttir.

Ég er 21 árs. Ég hef mjög mikinn áhuga á tónlist og spila á gítar í rokkhljómsveit. Hljómsveitin heitir Eitur. Okkur í hljómsveitinni dreymir um að fara í tónleikaferð um Evrópu. Mér finnst gaman að teikna og ég teikna og hanna allar auglýsingar fyrir hljómsveitina. Kannski reyni ég seinna að fara í myndlistanáám.

Íslenska fyrir alla. Sólborg Jónsdóttir og Þorbjörg Halldórsdóttir.

Ég er 22 ára kona. Ég hef áhuga á matreiðslu, myndlist og allskonar tónlist. Ég fylgist með hljómsveitum á Íslandi og uppáhaldshljómsveitin mín er Eitur. Ég er í Listaháskólanum og fer oft út á kvöldin og um helgar með skólafélögum mínum. Við syngjum stundum karaókí saman og förum í útilegur á sumrin.

Íslenska fyrir alla. Sólborg Jónsdóttir og Þorbjörg Halldórsdóttir.